

Kirkjuþing 2023-2024

1. mál – þskj. 1a

Skýrsla þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands,
Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur, Axel Árnasyni Njarðvík og Einari Má Sigurðarsyni.

Skýrsla framkvæmdanefndar

Framsögumaður Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Á fundi kirkjuþings 2022-2023 þann 25. október 2022 kusu kirkjuþingsfulltrúar úr sínum hópi framkvæmdanefnd kirkjuþings, sbr. 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing nr. 10/2021-2022. Aðalmenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður, sr. Axel Árnason Njarðvík og Einar Már Sigurðarson. Varamenn eru sr. Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason og Konráð Gylfason. Rennur umboð nefndarinnar út á kirkjuþingi í október 2023. Anna Guðrún var í veikindaleyfi frá miðjum nóvember 2022 til 14. ágúst sl. og tók Árni Helgason sæti hennar á meðan og var sr. Axel formaður nefndarinnar þann tíma.

Kirkjuþing setur framkvæmdanefnd kirkjuþings erindisbréf og var það samþykkt í máli nr. 36/2021-2022. Aðalhlutverk nefndarinnar er tilgreint í fyrstu grein erindisbréfsins, sem er svo hljóðandi:

Framkvæmdanefnd annast, fyrir hönd kirkjuþings, eftirlit með fjárhag og rekstri Þjóðkirkjunnar og að ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi sé fylgt eftir. Framkvæmdanefnd starfar að því markmiði að tryggja styrk og velgengni Þjóðkirkjunnar. Nefndin er ábyrgt gagnvart kirkjuþingi og starfar í umboði þess.

Þar fyrir utan getur kirkjuþing falið nefndinni að sinna öðrum málum, samþykktum af kirkjuþingi.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings fundaði að jafnaði hálfsmánaðarlega á árinu og eru fundargerðir hennir að finna á vef Þjóðkirkjunnar hér: <https://kirkjan.is/kirkjan/kirkjuthing/framkvæmdanefnd/>. Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar sat fundi nefndarinnar en auk hans var við það miðað að Agnes M. Sigurðardóttir, Biskup Íslands, og Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings skyldu sækja annan fund nefndarinnar í hverjum mánuði. Af öðrum gestum sem sóttu fundi nefndarinnar má nefna Ragnhildi Ásgeirsdóttur, skrifstofustjóra Biskupsstofu, Bjarna Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi kirkjuþings og endurskoðendur Þjóðkirkjunnar, þær Sigríður Helga Sveinsdóttir og Helena Rós Sigurðardóttir.

Verkferlar og skipulag

Í 5. mgr. 4. gr. erindisbréfs framkvæmdanefndar kirkjuþings kemur fram að framkvæmdanefndin setji sér vinnureglur og verkferla sem eru birt á vef kirkjunnar.

Framkvæmdanefnd hefur sett sér slíkar vinnureglur og er skjalið lagt fram samhliða skýrslu þessari til kynningar.

Framkvæmdanefnd hefur fjallað um skipurit Þjóðkirkjunnar og beint því til stjórnenda kirkjunnar að umboð fylgi ákvörðunum og að tryggt sé að umboð sé til staðar. Þá bókaði nefndin að Biskupsstofa og Rekstrarstofa skuli hafa samráð um útgjöld og ráðningar í störf.

Fjármál

Framkvæmdastjóri Rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar hefur kynnt launatölur fyrir framkvæmdanefndinni mándarlega og uppgjör Þjóðkirkjunnar ársfjórðungslega og er raunstaða borin saman við áætlun ársins.

Áætlanagerð fyrir árið 2024 hófst í ágúst. Leitað var til fyrirtækisins Sessor til að aðstoða við gerð fjárhagsáætlunar sem lögð verður fyrir kirkjuþing í október, líkt og gert var í fyrra. Gert er ráð fyrir því að á árinu 2024 verði 23 milljón króna halli á rekstrinum.

Heildartekjur næsta árs eru áætlaðar rúmlega 4,5 milljarðar, þ.a. er framlag ríkisins rúmlega 4,3 milljarðar. Framlag ríkisins hækkar um 6,63% frá yfirstandandi ári.

Framkvæmdanefnd leggur áherslu á að jafnvægi náist í reksturinn og að myndaður verði varasjóður skv. 3. gr. Nr. 13/2021-2022 Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar. Til að mynda varasjóð telur framkvæmdanefnd rétt að biskupshúsið að Bergstaðastræti 75 verði selt þegar biskupsskipti verða á næsta ári og að söluandvirðið verði sett sem grunnframlag í varasjóð. Þá telur framkvæmdanefnd nauðsynlegt að hagræða í rekstri með því að ríkt samráð verði milli Rekstrarstofu og Biskupsstofu við ráðningu starfsmanna í störf sem losna.

Fasteignir

Meðal verkefna framkvæmdanefndar er að hafa umsjón með rekstri og sölu fasteigna í samráði við fasteignasvið rekstrarstofu og voru fasteignatengd verkefni fyrirferðamikil í störfum nefndarinnar á árinu.

Gengið var frá sölu á eftirfarandi eignum:

- Hlíðarvegi 42, Ólafsfirði.
- Hellisbraut 4, Reykhólum.
- Völusteinsstræti 16, Bolungarvík.

Búið er að hefja söluferli á eftirfarandi eignum:

- Syðra-Laugaland, Eyjafirði. Íbúðarhús, bílskúr og lóð.
- Eyrarvegur 26, Grundarfirði.

Aðrar fasteignir sem samþykkt var að veita heimild til að selja í 12. máli á kirkjuþingi 2022-2023 eru í útleigu til starfandi presta og því ekki tímabært að huga að sölu þeirra.

Þess var gætt að jarðir og aðrar fasteignir sem losnuðu á árinu væru leigðar út sem fyrst og eru öll íbúðarhúsnæði Þjóðkirkjunnar í útleigu í dag, að undanskildum þeim sem eru í söluferli og prestsbústaðnum í Skálholti. Var gengið frá þónokkrum leigusamningum á árinu og má sem dæmi nefna að búið er að ganga frá leigusamningi um íbúðarhúsnæðið í Mosfelli og skammtímaleigusamningi um Skeggjastaði en viðræður standa yfir um langtímaleigu

jarðarinnar. Þeir leigusamningar sem gerðir hafa verið hafa að jafnaði verið með sex mánaða uppsagnarfresti.

Viðhald fasteigna var þungt á árinu og ber þar helst að nefna að hitaveitan í Skálholti gaf sig og varð ekki komist hjá því að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir vegna þess. Fjárhagsnefnd var upplýst um að farið hafi verið fram úr fjárhagsáætlun vegna þess.

Af öðrum málum tengdum fasteignum sem komu á borð framkvæmdanefndar má nefna gerð lóðarleigusamninga, uppgjör vegna ábúðarloka og umhverfisverkefni er lúta að endurheimt votlendis og skógrækt.

Það er mat framkvæmdanefndarinnar að fasteignir séu helsti möguleiki Þjóðkirkjunnar til tekjuöflunar til viðbótar þeim tekjum sem fást af kirkjujarðasamkomulagi kirkju og ríkis frá 1997, með síðari breytingum. Að mati framkvæmdanefndar mun með samþykkt 8. máls (Starfsreglur um fasteignir Þjóðkirkjunnar) á kirkjuþingi 2022-2023 skapast aukið svigrúm til tekjuöflunar af útleigu fasteigna Þjóðkirkjunnar en þær starfsreglur taka gildi um áramótin.

Önnur mál

Framkvæmdanefnd hefur í störfum sínum fjallað um mannauðsmál. Hafa fyrirhugaðar ráðningar verið kynntar af biskupi Íslands á þeim fundum framkvæmdanefndar sem hann hefur sótt. Önnur mannauðsmál eru þó persónugreinanleg og verður ekki farið út í einstök mál í þessari greinargerð.

Að lokum

Framkvæmdanefnd telur að betur megi fara á í rekstri Þjóðkirkjunnar að farið sé eftir starfsreglum og fjárheimildum sem kirkjuþing ákveður. Þá telur framkvæmdanefnd nauðsynlegt að meira samráð eigi sér stað milli biskupsstofu og rekstrarstofu. Slíkt samráð er að mati framkvæmdanefndar forsenda þess að rekstur Þjóðkirkjunnar sé heilbrigður og Þjóðkirkjan geti sinnt hlutverki sínu með sem bestum hætti.

Skýrsla biskups Íslands.

Framsögumaður Agnes M. Sigurðardóttir

Biskup Íslands stendur vörð um að kristin kenning sé boðuð innan Þjóðkirkjunnar og að þjónusta kirkjunnar sé veitt um allt land, skv. 3. gr. laga nr. 77/2021 um Þjóðkirkjuna. Biskup Íslands boðar til *biskupafundar*, sem endurskoðar skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og setur fram tillögur um breytingar í þeim efnum, sbr. starfsreglur nr. 34/2022-2023. Biskupafundur fjallar um málefni er varðar trú, kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald.

Biskup Íslands er æðsti embættismaður Þjóðkirkjunnar. Ötult og viðamikil starf biskups á árinu tekur mið af þessu hlutverki.

Biskup Íslands tilkynnti um starfslok í nýársræðu sinni 1. janúar síðastliðinn, sem verða árið 2024. Þá verður biskup sjötug. Kjörstjórn Þjóðkirkjunnar hefur tilkynnt um biskupskosningar á fyrri hluta ársins 2024.

Biskup lauk vísitasíu sinni í Suðurlandsprófastsæmi fyrr á árinu og hóf vísitasíu í Vestfjarðarprófastsdæmi í sumar með messu í Staðarkirkju í Grunnavík. Með yfirreið biskups Íslands á Vestfjörðum lýkur landsvísitasíu, sem er eitt af megin hlutverkum embættisins.

Biskup Íslands hefur lagt áherslu á vinnu við nýja handbók Þjóðkirkjunnar og er sú vinna unnin í nefnd á vegum biskups í samstarfi við presta og djákna landsins. Þá var nýútkominni sálmabók fylgt eftir. Sálmabókin og gróskan í vinnu handbókarnefndar eru eitt af áhersluverkefnum biskups Íslands. Hirðisbréf biskups, „Í orði og verki“ kom út á starfsárinu.

Biskup Íslands kemur fram á ýmsum viðburðum og fjölbreyttum samkomum yfir árið, sem er mikilvægt hlutverk biskups, að vera þátttakandi og styðjandi í lífi þjóðar.

Biskup Íslands hefur lagt mikla áherslu á að funda með þeim aðilum sem eftir því óska, hvort sem það eru starfsmenn Þjóðkirkjunnar, sóknarnefndir, eða aðrir aðilar. Þessir fundir skipta hundruðum yfir árið.

Prestastefna var haldin í Grensáskirkju 26.-28. apríl. Góður rómur var gerður að stefnunni.

Helgistund með biskupi Íslands á aðfangadagskvöld og jólamessa í Grafarvogskirkju voru sýndar í Ríkissjónvarpinu. Þá messaði biskup Ísland í Dómkirkjunni samkvæmt venju á nýársdag, páskadag og á Sjómannadaginn sem útvarpað var í Ríkisútvarpinu. Biskup prédikaði og blessaði í fjölda annarra guðsþjónusta víðs vegar um landið og leiddi helgistundir í vísitasíum.

Biskup Íslands þjónaði fyrir altari í Dómkirkjunni við setningu Alþingis og einnig á 17. júní.

Starf Biskups Íslands er bæði umfangsmikið og krefjandi og tekur yfir alla daga ársins.

Biskupsstofa

Árið 2021 færðist fjárstjórnarvald Þjóðkirkjunnar frá biskupi Íslands til kirkjuþings, skv. 7. gr. laga nr. 77. Biskupsstofa gerir fjárhagsáætlanir fyrir þau svið sem heyra undir biskup Íslands, í samráði við rekstrarstofu, og starfar samkvæmt þeim fjárheimildum sem kirkjuþing samþykkir. Biskupsstofa hefur eftirlit með því að sviðin haldi sig innan fjárheimilda og undanfarin ár hefur tekist vel að skila rekstri Biskupsstofu innan þess ramma, sem kirkjuþing hefur sett henni.

Biskupsstofa veitir söfnuðum landsins ýmsa ráðgjöf og aðra þjónustu. Boðið hefur verið upp á námskeið í héraði þar sem farið er yfir störf, starfsemi og hlutverk sóknarnefnda. Þetta framtak hefur mælst mjög vel fyrir og mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu. Einnig hafa starfsmenn Biskupsstofu veitt sóknum ráðgjöf varðandi starfsmannahald og kjaramál.

Skjólíð, athvarf fyrir heimilisláusar konur, starfar undir verndarvæng biskups Íslands. Á tímabilinu júní 2022 til maí 2023 nýttu 69 konur á aldrinum 18 til 72ja ára sér þjónustu Skjólísins reglulega.

Heimsping Lútherska Heimssambandsins var haldið í Krakow, Póllandi í september. Íslenska Þjóðkirkjan var einn af stofnaðilum árið 1949. Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir gegnir nú hlutverki varaforseta Norðurlanda, en því hlutverki höfum við ekki sinnt áður.

Deildir Biskupsstofu starfa samkvæmt stefnum sem samþykktar hafa verið á kirkjuþingi og eru þær helstu nefndar hér:

- Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar 2023-2026, samþykkt á kirkjuþingi 2022
- Stefnumótun kærleiksjónustu kirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2021-2022
- Samkirkjustefna Þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2016
- Samskiptastefna Þjóðkirkjunnar 2011-2014, samþykkt á kirkjuþingi 2011
- Tónlistarstefna Þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2019

Tölfræði Þjóðkirkjunnar um starfið í söfnuðunum hefur verið sett upp á innri vef Þjóðkirkjunnar naust.kirkjan.is. Hægt er að sjá tölurnar á landsvísu sem og í hverju prestakalli.

Sameining prestakalla

Þann 1. janúar 2023 sameinuðust Miklabæjar-, Glaumbæjar-, Sauðárkróks- og Hofsóss- og Hólaprestakall í eitt prestakall; Skagafjarðarprestakall.

Samráðs- og upplýsingafundir

Stjórnendur Biskupsstofu og rekstrarstofu (biskup, biskupsritari, og framkvæmdastjórar) hittast ásamt forseta kirkjuþings á samráðsfundum á tveggja vikna fresti þar sem farið er yfir þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, s.s. starfsráðningar presta og annarra í vígðri þjónustu og tilfærslur, viðkvæm starfsmannamál og önnur málefni sem mikilvægt er að allir viðkomandi séu upplýstir um. Biskup Íslands er boðaður á fund framkvæmdanefndar einu sinni í mánuði og þar fer hún yfir það helsta sem er á borði biskups og starfsmanna hennar hverju sinni.

Að auki hefur framkvæmdastjóri Biskupsstofu boðað til fundar með framkvæmdastjóra rekstarsviðs til að fara sérstaklega yfir þær hreyfingar í mannahaldi í vígðri þjónustu sem framundan eru. Biskup og framkvæmdastjórar rekstrarstofu og Biskupsstofu fá sundurliðað yfirlit yfir raunstöðu launa miðað við áætlun í byrjun hvers mánaðar og fylgjast þannig með því að þessi stærsti útgjaldaliður Þjóðkirkjunnar standist áætlunir. Miðað við yfirlit frá 1. október síðast liðnum er launakostnaður Þjóðkirkjunnar enn undir áætlun, þrátt fyrir að almennar launahækkningar á árinu hafi farið umfram það sem áætlað var.

Mannauður

Fimm prestar láta af störfum á árinu 2023, þarf af fjórir vegna aldurs. Árið 2020 voru prestar 144 í 143,1 stöðugildi. Í áætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að prestar séu 136 í 132 stöðugildum. Að auki starfa tveir djáknar og tveir sviðsstjórar æskulýðsmála á vettvangi vígðrar þjónustu. Prestum hefur því fækkað um átta og stöðugildum um 11,1 á umræddu tímabili. Á sama tíma hafa orðið til tvö stöðugildi djákna og tvö stöðugildi á sviði æskulýðsmála, annað á Austurlandi og hitt á höfuðborgarsvæðinu.

Söngmálastjóri lét af störfum vegna aldurs á árinu 2023 og í hennar stað var ráðinn starfsmaður sem sinnir bæði starfi söngmálastjóra og skólastjóra Tónskóla Þjóðkirkjunnar í einu stöðugildi.

Árið 2021 voru starfsmenn Biskupsstofu (nú þjónustumiðstöð kirkjunnar) 32 í 29,3 stöðugildum. Í áætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að starfsmenn þjónustumiðstöðvar (Biskupsstofa og rekstrarstofa) verði 22 í 22,8 stöðugildum. Að auki eru starfsmenn kirkjuþings tveir í 1,5 stöðugildi. Þannig að á tímabilinu frá 2020 til 2024 hefur starfsmönnum fækkað um tíu og stöðugildum um 6,5 í þeirri þjónustu sem áður tilheyrði Biskupsstofu.

Þjóðkirkjan hlaut jafnlaunavottun haustið 2022. Viðhaldsvottun hefur farið fram og er kynbundinn launamunur óverulegur eða 0,1% konum í hag. Þjóðkirkjan stendur sig vel í að fylgja eftir markmiðum í jafnréttis- og jafnlaunastefnunum sem samþykktar voru árið 2021.

Í ársbyrjun var farið af stað með mánaðarlegar mannauðsmælingar í gegnum fyrirtækið HR Monitor. Eitt af markmiðum mælinganna er að kanna líðan starfsfólks í starfi og umhverfi, viðhorf til yfirstjórnar kirkjunnar, þjónustumiðstöðvarinnar og yfirmanna. Nú þegar hefur verið brugðist við ákveðnum niðurstöðum með námskeiðshaldi, teymisþjálfun, handleiðslu og sálfræðiþjónustu víða um land. Mannauðsmælingar af þessu tagi eru mikilvægar svo stjórnendur megi bregðast við niðurstöðunum til hagsbóta fyrir þann mannauð, sem starfar innan þjóðkirkjunnar. Mælingum lýkur um áramótin og verður þá unnin ítarleg skýrsla og umbótaáætlun, sem kynnt verður á kirkjuþingi í vor.